starfa. Pólitíkin spillir mönnum ekki en menn geta spilt pólitíkinni.“ Karl minnst þess að þegar hann var í framboði kom eitt sinn maður að máli við hann og harmaði að hann ætlaði að snúa sér að pólitík, því sér fyndist Karl svo góður prestur. „Ég svaraði því til hvort það væri einmitt ekki góð ástæða til að ég byði mig fram. Fyrst hann taldi mig góðan prest hlyti það að vera jákvætt ef ég kæmist á Alþingi. Þarna fannst mér þessi neikvæða afstaða í garð þingsins endurspeglast.“

En hvernig finnst þeim pólitíkin vera í dag? Hefur henni verið spilt? „Hún er söm við sig,“ svarar Hjálmar. „En það hafa komið ákveðin upphlaupsfélög undanfarin tvö ár; undarleg mál, því er ekki að neita.“ Það tekur Karl undir. „Samfélag okkar hefur breyst svo mikið á síðustu árum og kannski eru þetta fylgikvillar þess.“

Horft áfram – ekki til baka

Steinsnar frá Dómkirkjunni stendur gamla vinnustaður klerkanna við Austurvöll. Þeir segjast þó líta „undarlega sjaldan við“ í kaffisopa hjá fyrrum kollegum sínum. „Það kemur þó vissulega fyrir,“ segir Karl og skiptir þá ekki máli við hvaða borð er sest. „Ég held að það sé hins vegar kominn tími til að við Kalli göngum yfir á Alþingi og bjóðum þingheimi hingað yfir í Dómkirkjuna og eigum góða stund saman,“ segir Hjálmar.

Þeir víðurkenna báðir að stundum gætu þeir vel hugsað sér að stíga í pontu og leggja orð í belg þegar eitthvað brennur á þeim. „En það þýðir ekki að maður lífi endilega til baka með eftirsjá. Oft rifja ég líka upp góðar stundir þegar ég var á vertíð á Breiðafirði,“ segir Karl. „Og höfum eitt í huga,“ klykkir Hjálmar út. „Við erum ekki orðnir svo gamlir að við horfum til baka með söknuði heldur lítum við björtum augum fram á veginn.“

Fannst golf vera íþrótt fyrir gamalmenni

Sigurður T. Sigurðsson endurskoðandi bar sigur úr býtum á alþjóðlegu golfmóti endurskoðenda en mótið var haldið samfara ráðstefnu Impact. „Það eru samtök lítilla og meðalstórra endurskoðendafyrirtækja sem standa fyrir þessu árlega,“ segir Sigurður en ráðstefnan stendur yfir í þrjú daga.

„Síðustu ár hefur sá háttur verið hafður á að halda golfmót fyrir þá sem stunda það,“ segir hann og kys að kalla þetta innanhúss golfmót. Um fjórutíu tóku þátt og segir Sigurður að stemningin hafi verið mjög góð enda hafi veðrið leikið við þá.

Sigurður er mikill aðdáandi golfíþróttarinnar og áhuginn hafi

bara ágerst með árunum en svo hafi reyndar ekki alltaf verið. „Rétt áður en ég byrjaði að spila golf var ég búinn að vera að hlæja að þessari íþrótt. Sagði við sjálfan mig að ég myndi aldrei spila golf nema þegar ég væri orðinn gamalmenni. Ég hef þó orðið að éta þetta allt ofan í mig. Finnst bara gaman að því vegna þess að þetta er yndisleg íþrótt,“ segir hann og telur enn fremur að þetta sé íþrótt fyrir alla. „Þetta er uppáhaldsíþróttin mín vegna þess að konan er líka í þessu á fullu. Það er svo gott að geta átt svona sameiginlegt áhugamál.“

Sigurður er reyndar landskunnur fyrir íþrótttaafrek sín, hefur æft fimleika og karate. Þá má ekki

gleyma að hann nánast einokaði stangarstökkið hér á árum áður með frjálsíþróttadeild FH. Bikarinn sem hann fékk fyrir golfmótið fari því upp í hillu með öllum hinum bikurunum sem hann hefur unnið sér inn yfir árin. „Ég veit að ég verð aldrei toppmaður í golfi en get orðið skralffær meðal jafninga. Það vantar svo mikla undirstöðu þegar maður byrjar svona seint.“



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

HITCHCOCK

KLASSÍSK HROLLVEKJA VIÐ UNDIRLEIK SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR

PALLBORÐSUMRÆÐUR Í NORRÆNA HÚSINU
MÁNUDAGINN 10. OKTÓBER KL. 18.00

Pallborðsumræður helgaðar kvikmyndum HITCHCOCKS.

Fyrirlasarar ::: **Ásgrímur Sverrisson**, kvikmyndagerðarmaður verður með erindi um kvikmyndir Hitchcocks. **Bjarni Randver Sigurvinsson**, guðfræðingur og einn af stofnendum rannsóknarhópsins Deus Ex Cinema fjallar um kvikmynd Hitchcocks Svima (Vertigo, 1958) og áhrif hennar á aðrar myndir. **Frank Strobel**, hljómsveitarstjóri og tónskáld fjallar um kvikmyndatónlist og tónlistina við Leigjandann og aðrar myndir Hitchcock. **Oddný Sen**, kvikmyndafræðingur og rithöfundur fjallar um trúarleg tákni í kvikmyndum Hitchcocks og áhrif mynda hans á frönsku nýbylgjuna. **Sigríður Pétursdóttir**, kvikmyndafræðingur og þáttastjórnandi hjá RÚV fjallar um konurnar í myndum Hitchcocks. **Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.**

KVIKMYNDATÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN 12. OKTÓBER KL. 19.30

Samhljómur meistara kvikmyndasögunnar og sinfóníu- hljómsveitar er einstök upplifun. Það sannast örugglega þegar SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS leikur ískyggilega tónlist Emmy-verðlaunahafans ASHLEY IRWIN undir klassískri hrollvekjum meistara HITCHCOCKS. Ekki missa af því.

Alfred Hitchcock ::: Leigjandinn (The Lodger, 1927)

Hljómsveitarstjóri ::: Frank Strobel

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

CHATEAU D'AX - ITALIA

FRÁBÆR HÖNNUN - HÁGÆÐA LEÐUR

Chateau d'Ax Relax



Verðdæmi:
Chateau d'Ax 1309 Relax

3ja sæta sófi kr. 199.800.-
Tilboð: kr. 139.800.-

2ja sæta sófi kr. 156.800.-
Tilboð: kr. 109.800.-

stóll kr. 99.800.-
Tilboð: kr. 69.800.-

3+2+1 kr. 456.400.-
Tilboð: kr. 319.400.-

3+1+1 kr. 399.200.-
Tilboð: kr. 279.400.-

3+2 kr. 356.600.-
Tilboð: kr. 249.600.-



Hægindasófasett
alklætt ítölsku gæðaleðri

3ja sæta sófi: 216 sm. Dýpt: 97 sm. Hæð: 97 sm.
2ja sæta sófi: 160 sm. Dýpt: 97 sm. Hæð: 97 sm.
Stóll: 102 sm. Dýpt: 97 sm. Hæð: 97 sm.

Chateau d'Ax

Chateau d'Ax hægindasófasettin fást í koníaksbrúnu leðri

AMERÍSKIR GÆÐASÓFAR



Gama

3ja + 2ja sæta kr. 189.800.-



Wealthy

3ja sæta kr. 98.800.- / 2 litir



Buck

Stóll kr. 79.800.-

SPÆNSK LEDURSÓFASETT

HCL Atlanta



2+1+1 kr. 180.400.-
2ja sæta sófi kr. 82.800.-
stóll kr. 48.800.-

LITIR: SVART, BRÚNT, RAUÐBRÚNT LEDUR

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is



Tap í fyrsta leik

Sigurður Þorvaldsson og Hlynur Bæringsson töpuðu í fyrsta leik sínum með Leeuwarden í hollensku úrvalsdeildinni. Liðið tapaði fyrir Capitals, 88-81, á útivelli.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ RAKEL SEKÚNDUR DÖGG BRAGAD.

Rákel Dögg er ... handboltakona úr Stjörnunni.

Garðabær er ... besti bærinn.

Stjarnan er ... flott félag.

Handbolti er ... skemmtilegasta íþróttin.

Ljósukur eru ... flottar.

Besta handboltakona allra tíma? Anja Andersen.

Popp eða rokk? Bæði bara.

Aðalsteinn Eyjólfsson er ... frábær þjálfari.

DHL-deildin er ... á uppleið.

Diet, light eða venjulegt? Diet.

Fallegastur? Ég bara hreinlega veit það ekki.

Justin eða Usher? Justin.

O.C. eða One Tree Hill? One Tree Hill klárlega.

Djamm eða vídeó? Bara bæði.

> Við hrósum ...

... liðum Víkings/Fjölnis og Selfoss sem unnu frækna sigra um helgina á liðum Stjörnunna og HK. Báðum fyrrgreindu liðunum hófðu verið spáð tveimur neðstu sætum í upphafi móts og að sama skapi var hinum tveimur spáð góðu gengi. Þetta eru sannarlega óvænt úrslit og góð fyrir deildina.

> Við óskum ...

... Valsstúlkum velfarnaðar gegn Evrópu meisturum Potsdam en liðin mæstast í fyrri viðureign þeirra í fjórðungsúrslitum Evrópukeppni félagsliða kvenna á Laugardalsvelli í dag. Þetta er einn stærsti leikur sem íslenskt félagslið hefur leikið í seinni tíð.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

5 6 7 8 9 10 11

Laugardagur

LEIKIR



14.00 **Valur** og **Potsdam** mæstast á Laugardalsvelli í Evrópukeppni kvenna í fótbolta.

16.15 **Stjarnan** og **Anadolu** mæstast í Ásgarði í Garðabæ í Evrópukeppni kvenna í handbolta.

17.00 **Keflavík** og **Haukar** mæstast í Keflavík í Meistarakeppni kvenna í körfubolta.

19.15 **Keflavík** og **Njarðvík** mæstast í Keflavík í Meistarakeppni karla í körfubolta.

LEIKIR

08.55 **Hnefaleikar** á Sýn. Diego Corrales og Jose Luis Castillo eru meðal þeirra sem mæstast.

10.55 **A1 Heimsbikarinn í kappakstri** á Sýn. Beint frá Þýskalandi.

11.40 **Formúla 1** á RÚV. Upptaka frá kappakstrinum í Japan.

14.00 **Evrópukeppni kvenna í fótbolta** á RÚV. Valur – Potsdam í beinni.



14.30 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Gorenje Velenje – Haukar í beinni.

16.40 **Undankeppni HM 2006** á Sýn. Danmörk – Grikkland endursýndur.

18.20 **Golf** á Sýn. World Golf Championship í beinni.

21.25 **Helgarsportíð** á RÚV.

22.00 **Meistaradeildarþátturinn** á Sýn.

22.40 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Gorenje Velenje – Haukar endursýndur.

23.55 **Golf** á Sýn. Forsetabikarinn.

Útileikurinn kom Val áfram

Valsmenn biðu lægri hlut á heimavelli í EHF-keppninni í handbolta í gær en þrátt fyrir það eru þeir komnir áfram í keppninni þar sem þeir unnu dýrmæt-an sex marka sigur í Finnlandi.

HANDBOLTI Valur tapaði fyrir finnsku meisturunum í Sjundeå IF með þriggja marka mun, 28-31, í Laugardalshöllinni í gær. Þetta var síðari leikur liðanna í 2. umferð EHF-keppninnar en þrátt fyrir tapið í gær komast Valsmenn áfram þar sem þeir unnu sex marka sigur í fyrri leiknum í Finnlandi, 33-27. „Við komum í leikinn til að sigra en náðum því ekki, þeir voru bara miklu betri en við bæði varnarlega og sóknarlega. Við vorum að gera of mikið af mistökum þannig að það verður að teljast mjög gott að við séum komnir áfram. Vörnin hjá okkur var mjög slök í byrjun en var betri í þeim síðari þegar við fórum í gömlu góðu 3-2-1 vörninna. Ef við lítum á það jákvæða þá var Baldur mjög góður og við vorum að nota þrjá 19 ára stráka sem stóðu fyrir sínu. Fannar skoraði mikilvæg mörk og lokaði vörnin og Elvar líka,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, en liðið vann viðureignina gegn Sjundeå samtals 61-58.

Valsmenn voru undir nær allan leikinn og geta talist heppnir að aðeins eitt mark skildi liðin að í hálfleik. Í þeim síðari misstu þeir Sjundeå aldrei of langt frá sér en þeir náðu mest fjögurra marka forystu. Það fór ekki á milli mála að Valur var lakara liðið á vellin-



Í STRANGRI GÆSLU Ingvar Arnason, línumaður Vals, er hér í strangri gæslu finnsku leikmannanna. Sjundeå vann þriggja marka sigur sem dugði þó ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

um en voru þó með besta leikmann hans, Baldvin Þorsteinsson, sem skoraði ellefu mörk. „Ég hef ekki verið að spila neitt æðislega upp á síðkastið og þetta var sennilega minn skásti leikur til þessa í vetur. Við töpuðum en tilgangurinn helgar meðalið og við erum komnir áfram í þriðju umferð. Vörnin hjá okkur var töluvert slakari en í leiknum ytra og sóknin sömuleiðis. Finnarnir spiluðu

hinsvegar hörkuvörn sem við áttum í erfiðleikum með,“ sagði Baldvin. Á þriðjudaginn verður dregið í næstu umferð og á hann sér óskamótherja. „Ég vona að við fáum eitthvert stórlíð í næstu umferð, Gummersbach er í pottinum og það væri frábært að fá Guðjón Val og Róbert Gunnarsson á Klakann og fylla Höllina,“ sagði Baldvin að leik loknum.

elvar@frettabladid.is

Haukar leika í Meistaradeild Evrópu í Slóveníu í dag:

Við þurfum að eiga toppleik

HANDBOLTI „Þetta er mjög grimmt lið og þeir eru fljótir að refsa fyrir hver einustu mistök, skora mikið úr hraðaupppláupum. Það er ljóst að við verðum að eiga toppleik til að eiga möguleika á móti þeim. Ég sé þá spila gegn þessu ítalska liði og þar unnu þeir öruggan sigur,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, sem leika í Meistaradeildinni í dag gegn Gorenje Velenje í Slóveníu en leikurinn verður sýndur í

beinni útsendingu á Sýn.

„Það er alveg ljóst að við þurfum að leika mun betur en við gerðum í síðasta leik gegn Árhús og ná að stjórna hraðanum betur. Handboltinn sem þetta slóvenska lið spilar er mjög harður og er í svipuðum stíl og boltinn sem spilaður var í gömlu Júgóslavíu en þó með smá dönsku ívafi,“ sagði Páll en hann segir að leikmenn sínir komi vel stemmdir í leikinn og engin

meiðslu séu að hrjá hópinn.

Haukar töpuðu fyrsta leik riðilsins á heimavelli gegn danska liðinu Árhús en að auki er ítalska liðið Torggler Group Meran í riðli þeirra.

„Það fer vel um okkur hérna í Slóveníu og allt í góðu lagi, allur aðbúnaður til fyrirmyndar,“ sagði Páll. Gorenje Velenje er í efsta styrkleikaflokki og því líklegt að á brattann verði að sækja fyrir Hafnarfjarðarliðið í dag.

Gunnar Heiðar Þorvaldsson verður með á æfingu í dag:

Gunnar að verða klár en óvissa um Auðun

FÓTBOLTI „Það er farið að líta betur út með Gunnar Heiðar en það er enn óvissa með Auðun fyrir þennan leik gegn Svíþjóð,“ sagði Logi Ólafsson landsliðsþjálfari í gær, rétt áður en haldið var til Svíþjóðar. Sóknarmaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson gat ekki leikið með í vináttulandsleiknum gegn Póllandi vegna meiðsla en útlitið með hann er orðið mun bjartara og verður hann með á æfingu hjá landsliðinu í dag. Gunnar hefur verið í fantaformi í sænska boltanum að undanfögnu og er markahæsti leikmaður deildarinnar þar. Hannes Þ.



GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON.

Sigurðsson sem lék í sókninni gegn Póllandi stóð sig vel og verður að teljast líklegt að hann verði aftur með A-landsliðinu gegn Svíþjóð. „Það er ekkert komið í ljós varðandi Auðun en hann er þó farinn að skokka. Það er samt ekkert hægt að segja meira fyrir en hann prófar að sparka í bolta,“ sagði Logi en Auðun fór meiddur af velli í leiknum gegn Póllandi eftir að hafa fengið högg á hnéd. Hann var tæpur fyrir



AUÐUN HELGASON.

leikinn vegna meiðsla á hinu hnénu og kemur það í ljós þegar nær dregur hvort hann geti leikið gegn Svíþjóð. Mótherjar okkar eru einnig í meiðslavandræðum fyrir leikinn en nokkrar skærustu stjórnur Svía verða fjarri góðu gamni í leiknum sökum meiðsla. Íslenski hópurinn kom til Svíþjóðar í gær og horfði á mótherja okkar á miðvikudag leika gegn Króatíu.

elvar@frettabladid.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

EHF-keppni karla:

VALUR-SJUNDEA 28-31

Mörk Vals: Baldvin Þorsteinsson 11, Mohamadi Latoufi 5, Sigurður Eggertsson 4, Fannar Friðgeirsson 2, Ingvar Árnason 2, Kristján Þór Karlsson 2, Hjalti Pálmasson 2. Valur vann samanlagt, 61-58.

DHL-deild karla:

STJARNAN-VÍKINGUR/FJÖLNIR 23-25

Mörk Stjörnunna: David Kekelia 5, Arnar Theódórsson 5, Björn Friðriksson 4, Þórlófur Nielsen 3, Kristján Kristjánsson 2, Gunnlaugur Garðarsson 1, Bjarni Gunnarsson 1, Björn Óli Guðmundsson 1, Patrekur Jóhannesson 1.

Mörk Víkings/Fjölnis: Sverrir Hermannsson 6, Sveinn Þorgeirsson 5, Árni Þórárinsson 4, Björn Guðmundsson 4, Pálmar Sigurjónsson 3, Brjánn Bjarnason 2, Sæþór Fannberg 1. ÍBV-FH 30-29

Mörk ÍBV: Mladen Cacic 10, Davíð Þór Óskarsson 8/6, Ólafur Víðir Ólafsson 4, Jan Vtipek 3, Mikal Dossdalik 3, Goran Kuznanovski 2/1.

Mörk FH: Andri Berg Haraldsson 7/3, Valur Örn Arnarson 5, Hjörtur Hinriksson 5, Heiðar Örn Arnarson 5, Sigursteinn Arndal 3, Finnur Hansson 2, Linas Kalasauskas 2.

STAÐA EFSTU LIÐA:

FRAM	4	4	0	0	110-96	8
ÍR	5	3	1	1	179-155	7
KA	4	2	2	0	117-108	6
SELFOSS	5	2	1	2	147-160	5
FYLKIR	5	2	1	2	120-118	5
PÖR AK	5	2	1	2	138-135	5

DHL-deild kvenna:

ÍBV-VÍKINGUR 29-27

Mörk ÍBV: Simona Vintila 7/1, Pavla Plaminkova 5, Ragna Karen Sigurðardóttir 5, Ingibjörg Jónsdóttir 4, Renata Horvath 3, Ester Óskarsdóttir 2, Eva Björk Hlöðversdóttir 2, Sæunn Magnúsdóttir 1.

Mörk Víkings: Natasha Damljanovic 4, Sigrún Brynjólfssdóttir 4, Hekla Daðadóttir 3, Þórhildur Björnsdóttir 2, Gyða Ingólfssdóttir 2, Ásta Agnarsdóttir 1, Margrét Egilsdóttir 1. VALUR-FH 23-26

Mörk Vals: Ágústa Björnsdóttir 9, Arna Grímsdóttir 4, Drífa Skúladóttir 4, Hafúrinn Kristjánssdóttir 2, Anna Guðmundsdóttir 1, Kolbrún Franklin 1, Sigurlaug Rúnarsdóttir 1, Rebekka Skúladóttir 1.

Mörk FH: Maja Grönbek 8, Gunnur Sveinsdóttir 7, Ásdís Sigurðardóttir 5, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 2, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 2, Eva Albrechtsen 2, Þóra Björg Helgadóttir 1.

GRÖTTA-KA/PÖR 32-24
Mörk Gróttu: Ivana Veljkovic 7, Þórunn Friðrikssdóttir 6, Gerður Einarsdóttir 5, Karen Smidt 5, Arndís María Erlingsdóttir 4, Karólína Gunnarsdóttir 1, Kristín Þórárdóttir 1, Laufey Guðmundsdóttir 1, Tinna Jökulsdóttir 1, Hera Bragadóttir 1.

Mörk KA/Pörs: Inga Dís Sigurðardóttir 11, Jurgita Markevicuit 5, Guðrún Helga Tryggvadóttir 3, Sandra Kristín Jóhannessdóttir 2, Guðrún Linda Guðmundsdóttir 1, Erla H. Tryggvadóttir 1, Arna Rut Gunnarsdóttir.

STÁÐA EFSTU LIÐA:
VALUR 4 3 0 1 102-84 6
ÍBV 3 2 1 0 88-59 5
STJARNAN 3 2 1 0 83-64 5

SS-bikarkeppni karla:

PRÓTTUR VOGUM-STJARNAN 2 25-27

LEIKNIR-KA 21-51

1. deild karla í körfubolta:

ÍS-KFÍ 75-80

Þýska úrvalsdeildin:

KRONAU/ÖSTR.-GUMMERSBACH 28-28

MELSUNGEN-MINDEN 35-31

Snorri Steinn Guðjónsson skoraði sex mörk fyrir Minden í leiknum.

WILHELMSHAVENER-PFULLINGEN 27-21

Gylfi Gylfason skoraði tvö mörk fyrir Wilh.

VÍKURVAGNAKERRURNAR
Pessar Sterku



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



STURLA ÁSGEIRSSON Var í eldlinunni með Árhús í meistaraeildinni í gær.

Meistaradeild Evrópu:

Árhús á topp riðilsins

HANDBOLTI Alfur Stefánsson stýrði í gær sínum mönnum í Magdeburg til sigurs gegn franska liðinu Montpellier í A-riðli meistaraeildar Evrópu í gær. Sigfús Sigurðsson skoraði þrjú mörk í leiknum en Arnór Atlason komst ekki á blað. Árhús GF lið Sturla Ásgeirssonar, leikur í sama riðli og Íslandsmeistarar Hauka og komust í gær á topp riðilsins eftir góðan sigur, 35-28, á ítalska liðinu Torggler Group Meran á heimavelli.

Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real hafa enn fullt hús stiga að loknum tveimur umferðum í F-riðli en liðið vann í gær Dínámó Búkares, 37-27, og skoraði Ólafur tvö mörk í leiknum.

Fjölirnir og Haukar:

Búin að losa sig við Kanana

KÖRFUBOLTI Þó svo að keppni sé ekki hafin í úrvalsdeild karla í körfubolta hafa tvö lið þegar sent sinn bandaríska leikmann heim. Fjölismenn sendu heim Jason Clark sem hafði til að mynda leikið með liðinu í Reykjavíkurmótinu og þá ákváðu Haukar að segja upp samningi Richards Jeter en hann fór með liðinu í æfingafærð til Serbíu. Greinilegt er að liðin töldu leikmennina ekki nýtast sem skyldi og munu því sjálfsagt leitast eftir eftirmönnum þeirra sem allra fyrst.

- esá

Þýski handboltinn:

Guðjón skoraði sex mörk

HANDBOLTI Það dró til tíðinda í baráttu Íslendingaliðanna Magdeburg og Gummersbach á toppi þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta í gær en Gummersbach náði einungis jafntefli gegn Kronau/Östringen í gær. Leiknum lauk 28-28 og kom jöfnunarmark Gummersbach þegar aðeins tíu sekúndur voru eftir af leiknum. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sex mörk fyrir Gummersbach, þar af tvö úr vítum, og gerði Róbert Gunnarsson tvö mörk.



GUÐJÓN VALUR

- esá

DHL-deildir karla og kvenna:

Stjarnan tapaði í Ásgarði

HANDBOLTI Fimm leikir fóru fram í DHL-deildum karla og kvenna í gær og bar þar hæst úrslit leiks Stjörnumennar og Víkings/Fjölnis sem fór fram í Ásgarði í Garðabæ. Þar fóru leikmenn Víkings/Fjölnis með sigur af hólmi en áður en tímabilið hófst hefðu sjálfsagt afar fáir spáð því að hið sameinada lið Víkings og Fjölnis bæri sigur úr bítum í Garðabænum. Úrslitin eru mikið áfall fyrir Stjörnumenn sem fóru mikinn á undirbúningstímabilinu og boðuðu sterkt lið til keppni.

Þá töpuðu Valsstúlkur sínum fyrsta leik á tímabilinu í gær en þær töpuðu fyrir FH-ingum, 26-23, í Laugardalshöllinni.

- esá

Trúa því að þær geti unnið

Valur mætir í dag þýska liðinu Potsdam í Evrópukeppninni í knattspyrnu en liðið er núverandi Evrópumeistari og sigraði í keppninni með yfirburðum á síðustu leiktíð.

FÓTBOLTI Valsstúlkur mæta í dag þýska liðinu Potsdam í átta liða úrslitum Evrópukeppinnar í knattspyrnu en leikurinn fer fram á Laugardalsvelli. Ljóst er að lið Vals þarf að eiga góðan leik til þess að leggja þýska liðið að velli þar sem það er án efa eitt það sterkasta í Evrópu um þessar mundir. Valsstúlkun Margrét Lára Viðarsdóttir er þó ekki í vafa um að Valur geti lagt þýska liðið að velli. „Það er ljóst að þetta er hörkulið. Við höfum ekki verið að velta okkur of mikið upp úr því hversu gott þetta lið er. Fyrst og fremst verðum við að trúa því að við getum unnið þennan leik ef við leggjum okkur fram. Þannig að við erum fullar bjartsýni og ætlum að standa okkur vel í þessum viðureignum.“

Valsstúlkur hafa farið svolítið óvenjulega leið til þess að auglýsa leikinn en þær létu mynda sig á nærfötunum einum klæða og hafa auglýsingar með þessum myndum vakið athygli. „Við gerðum þetta nú fyrst og fremst



MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR Það mun mikið mæða á Margréti Láru Viðarsdóttur í dag þegar hún fær að etja kappi við margar af bestu knattspyrnukonum Evrópu.

til þess að auka samheldnina í hópnum og svo auðvitað líka til þess að reyna að fá áhorfendur á völlum. En alltaf þegar svona auglýsingar koma fram eru einhverjir sem telja þær óviðeigandi og ósmekklegar. Við erum ekki að hugsa um neitt annað en að fá

fólk á völlum og vonandi lætur það sjá sig því við þurfum virkilega á stuðningi þess að halda í leiknum,” sagði Margrét Lára.

Leikurinn hefst klukkan 14.00 en seinni leikurinn fer fram í Þýskalandi viku síðar.

magnush@frettabladid.is



Á RÁSPÓL Ralf Schumacher var bestur í tímatökunum í Japan. NORDIC PHOTOS/CETV

Keppt í formúlunni í nótt:

Ralf á rásþól

FORMÚLA 1 „Það var mjög erfitt að keppa í þessari tímatöku og maður þurfti að fara ansi varlega. Það sem gerði gæfumuninn var að við vorum undirbúnir fyrir þessar aðstæður þökk sé veðurfræðingi okkar, við ættum að geta náð góðum árangri í sjálfum kappakstrinum,” sagði Ralf Schumacher eftir að hafa verið fyrstur í tímatöku í Japan. Kappaksturinn sjálfur fór fram í nótt en verður endursýndur á Ríkissjónvarpinu klukkan 11.40.

Rigning setti strik í reikninginn og Kimi Raikkönen, Juan Pablo Montoya, Michael Schumacher og Fernando Alonso urðu allir aftarlega í rásröðinni. „Þetta var hreinasta martröð. Ég tók þá ákvörðun í samráði við lið mitt að aka varlega og spara bensínið, það er ljós í myrkrinu að Alonso og Raikkönen eru fyrir aftan mig,” sagði Montoya.



HYUNDAI
hefur gæðin

Hyundai Terracan

náttúrulega góður

„Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn verður að vera sterkbyggður og kraftmikill, með góða torfæruháefni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur. Ekki vill maður verða strandaglópur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til.

Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga.”

Ásmundur Guðnason, fjallagarpur
Kristín Ásmundsdóttir, fjallahnáta



Terracan GLXA 2900 CRDi diesel, beinskíptur.
Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða miðstöð.

Verð kr. 3.650.000

Bilasamningur kr. 37.998 á mánuði m.v. 30% útborgun.

Við staðgreiðum þann gamla.*



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444

Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalán Hvammstanga sími 451 2230

Riðill Íslands í HM:

Víti Srna skaut Króata áfram

FÓTBOLTI Dario Srna, bakvörðurinn öflugur í landsliði Króata, skaut sínum mönnum áfram á úrslitakeppni HM í Þýskalandi á næsta ári en hann skoraði eina mark leiks Króata og Svía í Zagreb í gær. Srna skoraði markið úr víti snemma í síðari hálfleik. Leikurinn var í raun hreinn úrslitaleikur um toppsæti riðilsins en sigur Króata þýðir einfaldlega að liðið er komið áfram á HM, þótt liðið tapi gegn Ungverjum í síðustu umferðinni. Svíar munu reyndar vona að svo verði því ef þeir vinna þá Íslendinga á miðvikudag vinna þeir riðilinn og Króatar komast beint áfram sem annað tveggja lið sem náði hvað bestum árangri af þeim liðum sem lentu í öðru sæti sinna riðla.

Landsliðsþjálfari Króata, Zlatko Kranjcar, var svo spenntur að hann varð að snúa sér undan þegar Srna tók vítið. Hann sneri sér fyrst aftur við þegar áhorfendur byrjuðu að fagna. „Það var ekki það að ég treysti ekki Dario,“ sagði Kranjcar. „Þetta var bara svo mikilvægt augnablik að ég hafði ekki stjórn á sjálfum mér.“

Búlgarar unnu þægilegan 2-0 sigur á Ungverjum í gær og höfðu sætaskipti í riðlinum. Lokumferð riðilsins verður háð á miðvikudag þar sem Ísland mætir væntanlega baráttuglöðum Svíum.

Zlatan Ibrahimovic gat ekki leikið með Svíum vegna meiðsla og er enn vafamál hvort hann verður klár í slaginn á miðvikudaginn.

- esá



DARIO SRNA Hetja Króata í gær.



HARÐUR DÓMUR David Beckham var fyrsti fyrirliði Englands til að fá rauða spjaldið og fyrsti enski landsliðsmaðurinn sem fær tvisvar rautt.

Englendingar komnir á HM eftir nauman sigur

Englendingar geta þakkað Hollendingum fyrir sætið sitt á HM í Þýskalandi því sigur liðsins á Tékklandi þýddi að 1-0 sigur á Austurríki dugði enskum. David Beckham fékk að líta rauða spjaldið í leiknum.

FÓTBOLTI Englendingar gátu leyft sér að fagna í gærkvöld eftir sigur liðsins á Austurríki og enn fremur eftir sigur Hollands á Tékklandi. Þau úrslit þýddu að bæði Pólland og England eru komin áfram á HM þar sem þau tvö lið sem ná bestum árangri í 2. sæti riðlanna komast beint áfram. Englendingar taka á móti Pólverjum á miðvikudag og var búist við því að sá leikur yrði spennubrunginn þar sem hann væri úrslitaleikur um toppsæti riðilsins – sem hann vissulega er – en úrslit leiksins þýðingarlausan.

Eina mark leiksins skoraði Frank Lampard, miðjumaður Chelsea, úr vítaspynu á 25. mínútu en hún var réttilega dæmd eftir að brotið hafði verið á

Michael Owen. Englendingar hefðu vel getað bætt við fleiri mörkum í fyrri hálfleiknum en höfðu heppnina ekki með sér. Í síðari hálfleik voru Austurríkismenn nálægt því að jafna þegar Roland Linz átti skot í þverslána. Á 57. mínútu fékk David Beckham síðan tvö gul spjöld og þar með rautt en seinna spjaldið var rangur dómur og ekkert nema leikaraskapur hjá Ibertsberger. Englendingar héldu þó út einum manni færri og fengu öll stigin þrjú.

„Ég skil ekkert í þessari ákvörðun dómarsins. Fyrri gula spjaldið var strangur dómur en það seinna var alveg út úr kortinu. Allir sem sáu þetta atvik geta verið sammála um það,“ sagði fyrirliðinn Beckham sem verður

því í leikbanni í leiknum gegn Pólandi á miðvikudaginn. Sol Campbell verður heldur ekki með í þeim leik þar sem hann meiddist gegn Austurríki og því mun Rio Ferdinand endurheimta sæti sitt í miðvarðarstöðunni.

„Sigurinn var samt mjög góður, það eru úrslit sem skipta máli þegar það er komið svona langt í keppninni. Liðið sýndi mikinn karakter og menn börðust hvor fyrir annan. Það er erfitt að vera manni færri í háltíma en við lönduðum stigunum þremur sem telja,“ sagði Beckham.

Sven-Göran Eriksson getur nú andað léttar fyrir að hafa komið liði sínu á HM en hann hefur mátt sæta mikilli gagnrýni eftir tap Englendinga gegn Norður-Írum í síðasta mánuði.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Undankeppni HM 2006:

1. RIÐILL:

FINNLAND–RÚMENÍA	0–1
0–1 Mutu (41.).	
TÉKKLAND–HOLLAND	0–2
0–1 Van der Vaart (31.), 0–2 Opdam (39.).	

STADAN:

HOLLAND	11	10	1	0	27–3	31
RÚMENÍA	12	8	1	3	20–10	25
TÉKKLAND	11	8	0	3	32–12	24
FINNLAND	11	5	1	5	21–16	16
MAKED.	11	2	2	7	11–24	8
ANDORRA	11	1	2	8	4–31	5
ARMENÍA	11	1	1	9	6–25	4

2. RIÐILL:

GEORGÍA–KASAKHSTAN	0–0
ÚKRAÍNA–ALBANÍA	2–2
1–0 Shevchenko (45.), 1–1 Bogdani (75.), 1–2 Bogdani (82.), 2–2 Rotan (86.).	
DANMÖRK–GRIKKLAND	1–0
1–0 Gravgaard (40.).	

STADAN:

ÚKRAÍNA	12	7	4	1	18–7	25
TYRKLAND	11	5	5	1	22–9	20
DANMÖRK	11	5	4	2	25–11	19
GRIKKLAND	11	5	3	3	14–9	18
ALBANÍA	11	4	1	6	11–19	13
GEORGÍA	11	2	4	5	14–24	10
KASAKST.	11	0	1	10	5–27	1

3. RIÐILL:

SLÓVAKÍA–EISTLAND	1–0
1–0 Hlinka (76.).	
RÚSSLAND–LÚXEMBOURG	5–1
1–0 Izmailov (8.), 2–0 Kerzhakov (18.), 2–1 Reiter (51.), 3–1 Pavluchenko (65.), 4–1 Kirichenko (75.), 5–1 Kirichenko (90.).	
PORTÚGAL–LIECHTENSTEIN	2–1
0–1 Fisher (33.), 1–1 Pauleta (48.), 2–1 Gomes (86.).	

STADAN:

PORTÚGAL	11	8	3	0	32–5	27
SLÓVAKÍA	11	6	4	1	24–8	22
RÚSSLAND	11	6	4	1	23–12	22
LETTLAND	11	4	3	4	18–18	15
EISTLAND	11	4	2	5	14–17	14
LIECHTENST.	12	2	2	8	13–22	8
LÚXEMB.	11	0	0	11	5–46	0

4. RIÐILL:

KÝPUR–ÍRLAND	0–1
0–1 Elliot (6.).	
ÍSRAEL–FÆREYJAR	2–1
1–0 Beryoun (1.), 2–0 Zandberg (90.), 2–1 Samuelsen (91.).	
SVISS–FRÁKKLAND	1–1
0–1 Cisse (52.), 1–1 Magnin (80.).	

STADAN:

ÍSRAEL	10	4	6	0	15–10	18
SVISS	9	4	5	0	18–7	17
FRÁKKLAND	9	4	5	0	10–2	17
ÍRLAND	9	4	4	1	12–5	16
KÝPUR	9	1	1	7	8–16	4
FÆREYJAR	10	0	1	9	4–27	1



EINAR LOGI VIGNISSON: ÓGÆFA SPÆNSKA LANDSLIÐSINS

Spánverjar deigir á ögurstundu

Þrátt fyrir mikið safn stórgóðra knattspyrnumanna er spænska landsliðið enn einu sinni í miklum vandræðum. Úrslit þurfa að vera mjög hagstæð til að liðið nái að tryggja sér sæti á HM í Þýskalandi. Takist það ekki verður það í fyrsta sinn síðan 1974 að Spánverjar ná ekki í lokakeppni HM. Miðað við að Spánverjar eru óneitanlega ein höfuðþjód knattspyrnunnar og þá staðreynd að færa má góð rök fyrir því að spænska deildin sé sú jafnstærasta í heimi sætir slæleg frammistaða landsliðsins tíðindum. Og þó, spænska landsliðið hefur einhvern veginn alltaf kokað þegar á reynir og sé rennt yfir söguna þarf þetta ekki að koma á óvart.

Tómlegt titlasafn

Í samanburði við aðrar stórpjóðir er titlasafn spænskra afar tómlegt. Eina stórmótið sem liðið hefur sigrað á er EM 1964 og segjast verður að í árdaga EM var mótið ekki jafn öflugt og í síðari tíð. Spánverjar telja sjálfir meira afrek er liðið náði í úrslit gegn Frökkum á EM 1984. Utan þessara afreka

er fjórða sætið á HM 1950 besti árangurinn svo og silfurverðlaun á Ólympíuleikunum 1920. Þar með er afrekaskráin upptalin. Samt biða menn alltaf eftir því að Spánverjar risi úr óskustönni og stórmót eftir stórmót koma fram teóriur um að loksins sé tími spænskra runninn upp, aðeins til að hniga við fyrstu hindrun.

Mikið hefur verið skrifað og rætt um ástæður þessara ófara í gegnum tíðina. Flestar kenningarar telja orsakirnar eiga rætur sínar í deilum ólíkra þjóðarbrota innan Spánar og skorts á spænskum þjóðernissætti í hjörtum Baska og Katalóna sem löngum hafa ungað út flestum gæðaknattspyrnumönnum á Íberískaganum. Í vetrarfríinu í kringum jólin er t.d. hefð fyrir því að baskneska og katalónska „landliðið“ leiki vináttuleik við önnur landslið, gjarnan frá Austur-Evrópu eða Afríku. Leikirnir eru vel sóttir og allir helstu leikmenn „landanna“ mæta. Katalónar undir forystu Pep Guardiola reyndu m.a.s. fyrir nokkrum árum að fá liðið viðurkennt sem fullgilt landslið.

Þjóðrembingur í nösunum

Þessi kenning hljómar sennilega í fyrstu en skýrir þó ekki nema hluta vandans. Kanadíski blaðamaðurinn Phil Ball, sem býið hefur í tvo áratugi í San Sebastian í Baskalandi á Spáni, hefur verið duglegur að benda á að þjóðrembingur Baska og Katalóna sé mest í nösunum á þeim. Ball er að mínu mati einn besti knattspyrnublaðamaður samtímans eins og lesendur hinnar vinsælu vefsíðu Soccer.net geta borið vitni um. Í hinni stórkostlegu bók sinni Morbo, sem er Biblía allra áhugamanna um spænska knattspyrnu, eyðir hann löngum kafla í vanda spænska landsliðsins. Ball þykist svosem ekki komast að neinni niðurstöðu en rekur nokkur dæmi um Baska og Katalóna sem hafi barist öðrum fremur í spænsku landsliðstreyjunni. Títtnefndur Guardiola er gott dæmi um það en hann lék 47 leiki fyrir



Spán, marga sem fyrirliði og aldrei virtist katalónskur þúkinn koma upp í honum því ævinlega var hann Spáni til sóma. Enginn Katalóni né Baski hefur opinberlega neitað að leika fyrir Spán af pólitískum ástæðum. Liðið sem varð Ólympíumeistari 1920 var skipað níu Bökum og tveimur Katalónum. Baráttugleði liðsins skapaði frasann „La furia espanola“, spænski ofsinn og hefur íðulega verið gripið til þessa frasa þegar mikið liggur við. Spánverjar hafa hinsvegar verið ótrúlega deigir á ögurstundu hvort sem rötanna er að leita í deilum þjóðarbrotanna, tilviljunum eða hreinlega hræðslu við að mistakast svipað og í tilvikum félagsliða sem ævinlega klicka á síðustu metrunum og hið ítalska Internazionale er frægasta dæmið um.



Vilhjálmur tekur á móti gestum á kosningaskrifstofunni Suðurlandsbraut 14. í dag sunnudag milli kl. 14 og 17.

Sími: 520 3700, www.vilhjalmurth.is

Verið velkomin

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson
– reynsla til forystu!

Stuðningsmenn

sætið

LIÐIÐ MITI > TEITUR ÖRLYGSSON SETUR SAMAN DRAUMALIÐ SAMHERJA SINNA Á FERLINUM



Sá hversu góður Pétur var

LEIKSTJÓRNANDI - Jón Kr. Gíslason: Við náðum mjög vel saman. Hann hafði mikinn skilning á leiknum og þægilegt að spila með.

SKOTBAKVÖRÐUR - Teitur Örlygsson


LÍTILL FRAMHERJI - Valur Ingimundarson: Sigurvegari fram í fingurgóma. Gríðarlegur skorari þegar á þurfti að halda, góður í fráköstum og einfaldlega frábær leikmaður.

STÓR FRAMHERJI - Petey Sessoms: Verður Bandaríkjamaðurinn í liðinu. Frábær leikmaður í alla staði og langbesti Kaninn sem hefur spilað á Íslandi.

MÍÐHERJI - Friðrik Stefánsson: Einfaldlega besti íslenski miðherjinn sem ég hef spilað með og er í stöðugri framför.

SJÓTTI MAÐUR - Pétur Guðmundsson: Ég spilaði nokkra landsleiki með honum og sá ég þá hversu góður hann var.

ÞJÁLFARI - Einar Bollason: Ég hef verið með marga góða þjálfara í gegnum tíðina en Einar var sá eftirminnlegasti. Ötrúlegur hómoristi.



„Það tæki mánuð að koma þessu liði í það gott form að það gæti unnið Íslandsmótið.“

LEIKIR GÆRDAGSINS

Undankeppni HM 2006:

5. RIÐILL:

SKOTLAND–HVÍTA-RÚSSLAND	0–1
0–1 Kutzov (6.).	
NOREGUR–MOLDAVÍA	1–0
1–0 Rushfeldt (50.).	
ÍTALÍA–SLÓVENÍA	1–0
1–0 Zaccardo (78.).	

STaðAN:

ÍTALÍA	9	6	2	1	15–7	20
NOREGUR	9	4	3	2	11–7	15
SLÓVENÍA	9	3	3	3	10–10	12
HV. RÚSSL.	9	2	4	3	12–13	10
SKOTLAND	9	2	4	3	6–7	10
MOLDAVÍA	9	1	2	6	4–17	5

6. RIÐILL:

NORÐUR-ÍRLAND–WALES	2–3
0–1 Davies (27.), 0–2 Robinson (38.), 1–2 Gillespie (46.), 2–2 Davis (50.), 2–3 Giggs (61.).	
ENGLAND–AUSTURRÍKI	1–0
1–0 Lampard, víti (25.).	

STaðAN:

PÓLLAND	9	8	0	1	26–7	24
ENGLAND	9	7	1	1	15–4	22
AUSTURRÍKI	9	3	3	3	13–12	12
N.-ÍRLAND	9	2	3	4	10–16	9
WALES	9	1	2	6	8–15	5
ASERBAIDSI.	9	0	3	6	1–19	3

7. RIÐILL:

LITHÁEN–SERBÍA	0–2
0–1 Kezman (42.), 0–2 Vukic (88.).	
BOSNÍA–SAN MARÍNÓ	3–0
1–0 Bolic (47.), 2–0 Bolic (75.), 3–0 (83.).	
BELGÍA–SPÁNN	0–2
0–1 Torres (57.), 0–2 Torres (61.).	

STaðAN:

SERBÍA	9	5	4	0	15–1	19
SPÁNN	9	4	5	0	13–3	17
BOSNÍA	9	4	4	1	12–8	16
BELGÍA	9	3	2	4	15–10	11
LITHÁEN	9	2	3	4	7–8	9
SAN MARÍNÓ	9	0	0	9	2–34	0

8. RIÐILL:

BÚLGARÍA–UNGVERJALAND	2–0
1–0 Berbatov (30.), 2–0 Lazarov (55.).	
KRÓATÍA–SVÍÞJÓÐ	1–0
1–0 Srna (56.).	

STaðAN:

KRÓATÍA	9	7	2	0	21–5	23
SVÍÞJÓÐ	9	7	0	2	27–3	21
BÚLGARÍA	9	4	2	3	16–16	14
UNGVERJAL.	9	4	1	4	13–14	13
ÍSLAND	9	1	1	7	13–24	4
MALTA	9	0	2	7	3–31	2

Vínáttulandsleikir:

LETTLAND–JAPAN	2–2
0–1 Takahara (5.), 0–2 Nakamura (48.), 1–2 Rimkus (66.), 2–2 Rubins (80.).	
TÝRKLAND–ÞÝSKALAND	2–1
1–0 Altıntop (25.), 1–1 Sahin (89.), 2–1 Neville (94.).	

Hvaða lið eru komin áfram:

AFRÍKA (5 LIÐ): ANGÓLA, FÍLABEINSSTRÖNDIN, TÓGÓ, GHANA.

ASÍA (4 EÐA 5 LIÐ): JAPAN, ÍRAN, SUÐUR-KÓRA OG SÁDÍ-ARABÍA.

EVROPA (14 LIÐ): ÞÝSKALAND, ÚKRAÍNA, HOLLAND, PÓLLAND, ENGLAND, KRÓATÍA, ÍTALÍA, PORTÚGAL.

N-/MIÐ-AMERÍKA (3 EÐA 4 L.): BANDARÍKIN, MEXÍKÓ.

SUÐUR-AMERÍKA (4 EÐA 5 L.): ARGENTÍNA, BRASÍLÍA.

Loksins á Íslandi Semper barnamaturinn frá Svíþjóð



„Aðeins það besta er nógu gott!“

Enginn viðbættur sykur



Þróður í samstarfi við barnalækna- og næringarfræðinga

Í barnamat er eingöngu það besta nógu gott. Þess vegna höfum við frá upphafi, 1948, unnið með reyndum barnanæringarfræðingum og barnalæknum. Við gerum miklar kröfur varðandi hráefni; allt fer í gegnum strangt gæðaeftirlit og við notum sænskt hráefni svo framalega sem nokkur kostur er. Við fáum kornvöru frá sænskum ökrum og ferska mjólk beint frá bóndabæjunum. Þannig getum við haft eftirlit með framleiðslunni frá upphafi til enda og alltaf tryggt að þú og barnið þitt fáið aðeins það besta - bæði í bragði og vörugæðum.

En þetta snýst um meira en gott bragð og gæði. Þetta snýst einnig um að vernda jörðin okkar, "þessa jörð sem við höfum ekki fengið í arf frá forfedrum okkar, heldur að láni frá börnum okkar", eins og vitur maður sagði eitt sinn. Til að við getum skilað af okkur hreinni jörð og óspjallaðri náttúru til barna okkar, er mikilvægt að hafa umhverfið í huga. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að beita umhverfisvænum aðferðum hvað varðar framleiðslu, þökkun og fluttning.

Áralöngra reynsla okkar hefur ekki eingöngu fært okkur þekkingu á góðum og næringarriktum grautum, vellungum og barnamat í krukum. Undanfarið ár höfum við einnig þróað vörur fyrir börn með sérstakar næringarþarfir. Eins og með barnamatinn eru þessar vörur þróaðar í samvinnu við barnalækna og barnanæringarfræðinga. Þetta eru vörur sem seldar eru í Apótekum og eru afhentar samkvæmt fyrirælum lækna eða næringarfræðinga.

Okkar leiðarljós er að aðeins það besta sé nógu gott fyrir börnin okkar.

Starfsmenn Semper AB



Þyngd 530 g Verð 499 kr.



NÝTT BÓNUS
Semper lang mest seldi barnamatur í Svíþjóð - nú loksins fáanlegur í Bónus











Frekari upplýsingar á www.Semper.se og www.Semper.is

ÞAÐ VAR LA

TOPP 10 LISTINN Stöð 2 á 8 af 10

VINSÆLASTI ÍSLENSKI ÞÁTTURINN

Áskrifendur undir 50 ára*

1		Það var lagið	58,8 %
2		Stelpurnar	58,6 %
3		Along Came Polly	42,6 %
4		Strákarnir (meðaltal)	37,3 %
5		Extreme Makeover	34,9 %
6		Kóngur um stund	34,5 %
7		Monk	33,4 %
8		Lífsháski	30,9 %
9		Formúla 1	30,1 %
10		Mile High	26,3 %




Áhorf Stöðvar 2 hefur aldrei verið meira og dagskráin aldrei glæsilegri.
Við þökkum áhorfendum okkar fyrir að eiga stærstan þátt í sigurgöngu Stöðvar 2.

GIÐ STÖÐ 2!

Þrátt fyrir að vera
sýndur í læstri dagskrá

DÝRMÆTASTI
MARKHÓPURINN Hvar er auglýsingin þín?

Hlutdeild í sjónvarpsáhorfi.
Konur, 50 ára og yngri.*



Góða skemmtun!

Tónleikurinn
BÍTL

Föstudag 7/10 UPPSELT
Föstudag 14/10 ÖRFÁ SÆTI
Laugardag 15/10 ÖRFÁ SÆTI
Föstudag 28/10 LAUS SÆTI

“Frábær skemmtun!”
VS Fréttablaðið

Landsbankinn
KASTALINN
552 3000

★★★★ -DV Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið

Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

17. sýn. sun. 16/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15
Annie; Solveig
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓ
www.annie.is • www.midi.is

KONAN FRÁ HAFINU

Danski leikhópurinn Scene 1 sýnir brúðu- og grímuleikhús í Norræna húsinu. Sýningin er fyrir alla 14 ára og eldri og fer fram á ensku. Miðaverð: 500 kr.

ÞRIÐJUDAG 11. október kl. 20:00
FIMMTUDAG 13. október kl. 20:00
LAUGARDAG 15. október kl. 20:00

GRÍMUNÁMSKEIÐ með spuna, leik og dansi.
Föstudaginn 14. október frá 19:00-21:30.
Laugardaginn 15. október frá 9:00-16:00.
Skráning og upplýsingar: scene1dk@hotmail.com

STURLUGÖTU 5 • SÍMI: 551 7030 • WWW.NORDICE.IS NORRÆNA HÚSIÐ

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautín er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

9	1	8	4	7	5	6	3	2
3	5	4	6	2	8	9	1	7
2	7	6	3	1	9	5	4	8
7	3	9	2	4	6	1	8	5
1	8	5	7	9	3	2	6	4
4	6	2	5	8	1	7	9	3
6	4	1	8	5	7	3	2	9
8	9	7	1	3	2	4	5	6
5	2	3	9	6	4	8	7	1

7	1			2				8
		4	7			3		2
	9		3	5			4	
2				6		7	9	
		6	2		4	5		
	3	5		9				6
	4			7	6			1
5		8			1	6		
1			9				8	3

V. EASY # 54

STUÐ MILLI STRÍÐA Falskt öryggi

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER PIRRUÐ ÚT Í ÖRYGGISKERFI HEIMILISINS



Ég hef oft velt því fyrir mér til hvers fólk ver heimili sín fyrir innbrotshjóf- um með svokölluðum þjófavarnarkerfum. Heilu einbýlishúsa- hverfin í úthverfunum hafa flest að geyma límmiða í gluggum sem gefur til kynna að heimilin séu vöktuð. Þegar ég flutti fylgdi þjófavarnarkerfi með íbúðinni minni. Í fyrstu fannst mér þetta æði sniðugt og sló talna- kóðann samviskusamlega inn í hvert skipti sem ég fór út úr húsi. Svo varð ég örlítið kærulausari. Eitt sinn sat ég á kaffihúsi með vinkonu minni um miðjan dag á laugardegi þegar nágranni minn hringdi og sagði mér að þjófavarnarkerfið væri vælandi í


minni íbúð. Ég dreif mig heim til að slökva og komst þá að því að það hafði komið gegnumtrekkur, þess- vegna fór kerfið í gang. Vaktmenn- irnir frá „öryggisfyrirtækinu“ voru hinsvegar hvergi sjáanlegir og hefði kerfið eflaust vælt þangað til ég kom heim hefði nágranninn ekki hringt. Við þetta atvik vaknaði grunur um að það væri ekki allt með felldu. Á síðasta ári hefur kerfið farið nokkr- um sinnum í gang en „öryggisfyrir- tækið“ hefur ekki verið að standa sig. Öryggisverðirnir koma kannski á endanum þegar kerfið fer í gang en það líður svo langur tími að allir heimsins innbrotshjófar væru löngu búnir að athafna sig. Þegar öryggis- verðirnir hafa komið hafa þeir þó átt í nokkrum vandræðum með að finn-

a íbúðina og hef ég séð þá á vappi fyrir utan. Það er mikið gagn í því. Það leið því ekki á löngu þar til ég fór að pirrast út í kerfið, fannst það asnalegt og hugsaði með mér að það væri betra að leggja peningana inn á bók og eiga þá dágóða summu ef eitthvað kæmi fyrir. Svo fór ég að velta verðmætum heimilisins fyrir mér og komst að því að tölvan væri kannski einna dýrmætust enda geri ég ráð fyrir að innbrotshjófur hafi ekki smekk fyrir fatnaði frá Karen Mill- en. Þegar ég reyndi að segja þjófa- varnarkerfinu upp var mér tjáð að það væri ekki hægt að segja því upp nema um áramót, ég yrði því bara að sýna biðlund. Meðan á biðlundinni stendur borga ég þótt talnakóðinn sé aldrei sleginn inn. ■

myndasögur


■ pondus

Eftir Frode Overli



■ Þú og þa

Eftir SÖB



Orgelið hljómar

Guðmundur Sigurðsson heldur orgeltónleika í Laugarneskirkju í dag og hefjast þeir klukkan 17. Á efnisskránni kennir ýmissa grasa og mun Guðmundur leika orgeltónlist gamalla meistara eins og Bachs, Pachelbels og Böhms.

Ekki síður vekja þó athygli sálmaforleikir um íslensk þjóðlög eftir Jón Þórarinnsson og Smára Ólason. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Guðmundar um landið nú í haust sem ætlað er að vekja áhuga almennings á orgelinu og fjölbreyttum tónbókmenntum þess.

Guðmundur er organisti við Bústaðakirkju í Reykjavík en auk þess að kenna orgelleik við Tónskóla þjóðkirkjunnar er hann formaður Félags íslenskra organleikara.



GUÐMUNDUR SIGURÐSSON ORGANISTI Leikur á orgelið í Laugarneskirkju.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? OKTÓBER

6 7 8 9 10 11 12
Sunnudagur

TÓNLEIKAR

17.00 Guðmundur Sigurðsson heldur orgeltónleika í Laugarneskirkju og leikur orgeltónlist gamalla meistara eins og Bachs, Pachelbels og Böhms. Einnig leikur hann sálmaforleiki um íslensk þjóðlög eftir Jón Þórarinnsson og Smára Ólason.

20.00 Tónleikaröð Tríós Reykjavíkur í Hafnarborg hefst í 16. sinn í kvöld. Þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Maté pianóleikari flytja verk eftir Handel, Hjalmar H. Ragnarsson, Karólínu Eiríksdóttur og Schumann.

20.30 Tónleikar með Heru í Vélsmíðjunni á Akureyri.

21.00 Trío Jóns Páls Bjarnasonar gítarleikara hefur haustönn Múlans í Þjóðleikhúskjallaranum. Með Jóni að þessu sinni eru þeir Agnar Már Magnússon á Hammond orgel og Scott McLemore á trommur.

SAMKOMUR

20.00 Sagnaþulurinn og leikarinn Nigel Watson flytur The Maginbogi, goðsögulegar frásagnir frá Wales, í Norræna húsinu.

SÝNINGAR

15.00 Guðrún Vera Hjartardóttir fer með gesti um sýningu sína, Velkomin(n) í mannheima, í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

KVIKMYNDASÝNINGAR

20.00 Hvíldardagskvöld á Grandrokk verður tileinkað einhverri svölustu helgimynd dægurtónlistarsögunnar, sjálfum Johnny Cash.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Ána Ibsen

9. sýn fös 14 okt örfá sæti
10. sýn lau 15 okt örfá sæti
AUKASÝNING fimmt. 20. okt.
11. sýn fös 21 okt nokkur sæti
12. sýn lau 22 okt nokkur sæti

HAFNARFIJARDAL LEIKHÚSIÐ

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Saman í sveitinni

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Fyrir ykkur sem fáid stundum hvöt til þess að yfirgefa bílanið og stress „stórborgarinnar“ en hafið aldrei tíma til þess að keyra í fimm mínútur upp í Heiðmörk, þá vil ég benda á eina skyndibitalausn. Það er að kynna sér hljómveitina Calexico nánar. Allar plötur þeirra eru magnaðar, og færa hugann beint upp í sveit. Þó ekki íslenska, með rollum og hverum. heldur er allt morandi í kaktusum, sporðdrekum og sofandi Mexíkóum.

Samuel Beam er svo afar innhverfur tónlistarmaður sem hefur gefið út slatta af plötum undir nafninu Iron & Wine. Hann kemur nánast aldrei fram á tónleikum og er lítið fyrir athygli. Hann er einn af fjölmörgum ungum listamönnum sem hefur snúið baki við tækniþróun okkar tíma, og stýðst yfirleitt aðeins við rödd sína og kassagítarinn. Hann er sérstaklega fær lagasmiður og að heyrja hann heim-sækja sérstæðan hljóðheim Calexico er hrein unun. Það er eiginlega eins og Samuel hafi alltaf átt heima á búgarði Calexico.

Þetta er líklegast nær eyðimerkurhljómi Calexico en fyrri verkum Iron & Wine. Samt rennur tónlistin jafn langt niður tilfinningaskalann og eldri lög Samuels. Slide-gítarinn er enn mjög áberandi en annað slagíð róa þeir inn



IRON & WINE / CALEXICO

IN THE REINS

NIÐURSTAÐA: Samstarfsverkefni Calexico og Iron & Wine er mjög vel heppnað. Hljómur eins og þeir hafi verið að gera plötur saman í áratugi. Fullkomin sunnudagsplata.

á ný mið. Til dæmis í upphafslaginu er einn kaflinn skreyttur með spænskum óperusöng. Lagið History of Lovers er svo finasta popp og lokalagið Dead Man's Will fær Simon og Garfunkel örugglega til þess að roðna.

Þessi plata er þó alls ekki gallalaus frekar en flestar aðrar. Hún er allt of stutt. Einungis sjö laga snót sem rétt daðrar við mann og hleypur svo í burtu áður en maður nær að átta sig almennilega á því hvað sé á seyði. Hingað til hafa hvorki Iron & Wine eða Calexico valdið vonbrigðum með plötum sínum. Nöfn þeirra hafa verið eins og gæðastimpill æðri mättarvalda. Saman skapa þau eitthvað yfirnáttúrulegt.

Birgir Örn Steinarrson

KYNJAKETTIR EIGA 15 ÁRA AFMÆLI Í ÁR!

Í tilefni þess verður haustsýningin með Hrekkjavöku þema dagana 8. og 9. október 2005 í Reiðhöll Gusts, Álalind, Kópavogi

Sýningin er opin frá kl. 10 – 18 báða dagana



Tökin hert

THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

